

1215. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. mars 2021, kl. 17:30 í fjarfundi – Zoom.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Jóhanna S. Rúnarsdóttir og Guðrún Björg Gunnarsdóttir, skoðunarmenn VR, auk Theodórs Inga Pálmasonar endurskoðanda frá KPMG.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1214. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1214. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og verður send í rafræna undirritun.

2. Fundargerðir 1205, 1206, 1207, 1208 og 1209 lagðar fram til undirritunar.

Ragnar Þór sagði að þar sem kom upp vandamál með vistun áður samþykktra fundargerða 1205, 1206, 1207, 1208 og 1209 sem höfðu verið sendar í rafræna undirritun yrðu þær aftur sendar fundarmönnum til rafrænnar undirritunar.

3. Ársreikningur VR 2020

Stefán lagði fram skjölin „Ársreikningur VR 2020 – Samanburður við áætlun“, „Lykiltölur VR 2020“ dags. 5. mars 2021 og „Ársreikningur VR 2020“ dags. 10.03 2021 og fór yfir helstu atriði þeirra á slæðum. Í máli Stefáns kom m.a. fram að afkoma ársins lækki um 92 milljónir króna milli ára, rekstrartekjur lækkuðu um 248 milljónir króna og rekstrargjöld lækkuðu um 417 milljónir króna á meðan að fjármagnstekjur hafi lækkað um 261 milljónir króna. Tekjur til ráðstöfunar eru alls 835 milljónir króna.

Varðandi starfsemi VR á árinu 2020 kom fram að félagsmönnum fækkaði um 2,3% og voru þeir alls 36.503. Þá fjölgar mikið atvinnulausum félagsmönnum en þeir voru alls 3.325. Þar sem afgreiðslum félagsins var lokað stóran hluta ársins vegna Covid-19 faraldursins varð mikil fækkun í afgreiðslum eða – 67,5% en auk þess fækkaði símtölum og póstum á vr@vr.is nokkuð. Fjölgun varð hins vegar í heimsóknum á vef VR um 3,5% og um 4% aukning á notkun á Mínun síðum.

Næst fór Stefán yfir rekstrartekjur þar sem kom m.a. fram að iðgjöld lækkuðu um 2,9% vegna aukins atvinnuleysis og svo lækkuðu verulega tekjur af orlofsþjónustu vegna sölu á ferðatengdum gjafabréfum. Samdrátturinn í rekstrartekjum er um 4 þúsund krónur á félagsmann vegna lægri iðgjaldatekna og minni sölu orlofsþjónustu. Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum lækka um 4% milli ára í 88% en voru 91,9% árið 2019. Þá var minni útgreiðsla úr VR varasjóði sem nemur 98 milljónum króna.

Varðandi fjármagnsliði lækkar raunávöxtun milli ára úr 9,4% í 5,7% en meðalávöxtun síðustu sjö ára var 4,7%. Niðurstaða rekstrar án fjármagnsliða er neikvæð um 40 milljónir króna á árinu 2020 en jákvæð um 835 milljónir króna með fjármagnsliðum. Þá rakti Stefán rekstur sjóða, skiptingu eigna, fjárfestingar, verðbréfasöfn og fjárfestingastefnu en þar eru verðbréf opinberra aðila stærsti hluti safnsins.

Eigið fé 2020 er 14.5 milljarður króna og skuldir 319 milljónir króna þar sem eiginfjárhlutfall í árslok 2020 er 95%.

Tillaga að framlagi í VR varasjóð árið 2021 vegna ársins 2020 er óbreytt eða 785 milljónir króna þar sem skipting væri þannig að 475 milljónir kæmu úr Félagssjóði, 100 milljónir úr Sjúkrasjóði VR og 210 milljónir kæmu úr Orlofssjóði.

Umræður.

4. Skýrsla endurskoðenda vegna ársreiknings VR

Gestur fundarins, Theodór Ingi Pálmason endurskoðandi hjá KPMG, lagði fram skjalið „VR Endurskoðunarskýrsla 2020“ dags. 10. mars 2021 og fór yfir efni þess á slæðum.

Í máli Theodórs Inga kom m.a. fram að endurskoðunin var unnin í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun en aðferðirnar eru áhættugrundaðar og megináherslan lögð á þá liði reikningsskilanna sem fela í sér aukna hættu á skekkju. Mismunum eða skekkjum sem fram koma við endurskoðunina er safnað á sérstaka mismunalista.

Engin mismunur kom fram við endurskoðunina né heldur komu fram neinir verulegir veikleikar í eftirlitsþáttum hjá félaginu en þó er bent á tækifæri til úrbóta er snúa að kerfisstjóráðgangi ofl.

Þá næst sagði Theodór Ingi frá áherslum í endurskoðun, prófunum þeirra og þeirri niðurstöðu, vegna iðgjalda og annarra tekna, að endurskoðunaraðgerðir þeirra hafi ekki leitt í ljós neina skekkju vegna rekstrartekna. Við mat á verðbréfum og fjármunatekjum komu heldur ekki í ljós neinar skekkjur eða frávik frá fjárfestingastefnu VR.

Vegna bóta og styrkja var prófuð virkni eftirlitsþátta vegna úthlutunar bóta og styrkja úr Sjúkrasjóði VR og VR varasjóði og leiddi slíkt hvorki í ljós skekkjur né verulega veikleika í innra eftirliti. Þá gaf skoðun þeirra heldur ekki tilefni til athugasemda varðandi mögulega

sniðgöngu stjórnenda á eftirliti en það er sviksemisáhætta sem getur skapast ef stjórnendur sniðganga eftirlitsaðgerðir. Brugðist hefur verið við hluta af athugasemdum en ekki að fullu og er helsta ástæða þess sú að VR mun innleiða nýtt fjárhagskerfi á árinu 2021.

Skýrslan er því árituð án fyrirvara.

5. Skýrsla skoðunarmanna VR

Gestir fundarins þær Jóhanna S. Rúnarsdóttir og Guðrún Björg Gunnarsdóttir félagslega kjörnir skoðunarmenn VR lögðu fram skjalið „Skoðunarmenn VR – kynning fyrir stjórn“ dags. 10. mars 2021 og fóru yfir efni þess.

Sögðu þær fyrst frá því hvað fælist í störfum skoðunarmanna en það starf hafi þróast og muni gera áfram. Skoðunarmenn hafa aðgang að skjalakerfi VR þar sem eru fundargerðir stjórna og nefnda félagsins sem lesið er yfir ásamt fylgiskjölum. Að auki er skoðuð vefsíða VR, fundargerðir aðalfundar og drög að ársreikningi.

Í þetta sinn óskuðu skoðunarmenn eftir svörum við alls 64 spurningum sem framkvæmdastjóri svaraði vel og var haldinn um það fjárfundur. Samtals fóru 80 klst. í vinnu við að vera félagslegir skoðunarmenn eða um 30 – 40 klst. á mann. Nefndu þær nú nokkur dæmi um spurningar sem beðið var um svör við og það sem bregðast þurfti við s.s. um rafrænar samþykktir, starfsreglur um fjárfundi og samþykktir stjórnar í tölvupósti.

Næst ræddu þær nefndir VR sem eru 12 talsins, laun vegna setu í nefndum og þær hugleiðingar hvort stjórnarseta í VR sé að verða of viðamikil? Í því samhengi fóru þær yfir tölur um mætingu á stjórnarfundi en betri mæting var á fundi en undanfarin ár.

Lokst fóru þær yfir ýmsar vangaveltur sínar um ýmis málefni s.s. um skoðanakannanir VR, skipun stjórnarmanna í Lífeyrissjóð verzlunarmanna, yfirlýsingar frá stjórn VR og ýmsar ályktanir t.d. er varðar málefni Ícelandair sem var hitamál á sínum tíma. Þá ræddu þær styrkjamál og mörg kostnaðarsöm baráttumál VR og hvöttu stjórnarmenn til að vera gagnrýnin og spyrja spurninga.

Þá kom það fram að þetta væri síðasta árið sem Jóhanna S. myndi starfa sem skoðunarmaður og þakkaði hún framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og skrifstofunni fyrir samstarfið síðustu 5 árin umleið og hún óskaði Guðrún Björgu velfarnaðar í hennar störfum með þetta verkefni næsta ár.

Umræður.

Að loknum umræðum þakkaði Ragnar Þór skoðunarmönnum fyrir þeirra góðu störf.

Undir þessum dagskrárlið bar Ragnar Þór nú upp til samþykktar fyrst eftirfarandi tillögu um framlag í VR varasjóð sem lögð verði fyrir aðalfund VR þann 24. mars nk.:

“Stjórn leggur til að lagt verði í VR Varasjóð á árinu 2021 samtals 785 m.kr., frá Félagssjóði VR 475 m.kr., frá Sjúkrasjóði VR 100 m.kr. og 210 m.kr. frá Orlofssjóði VR.”

Samþykkt samhljóða.

Þá næst bar Ragnar Þór ársreikning VR 2020 upp til samþykktar eins og hann hefur nú verið kynntur.

Samþykkt samhljóða.

Hér véku svo af fundi gestir fundarins kl. 19:25

6. Tillögur fyrir aðalfund VR 2021

Stefán lagði fram skjalið „Aðalfundur VR 2021 – minnisblað til stjórnar“ dags. 5. mars 2021 og fór yfir efni þess.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að fundurinn verður haldinn á Hótel Hilton Nordica Reykjavík miðvikudaginn 24. mars 2021 kl. 19:30. Fundurinn verður bæði haldinn á staðnum og sem fjarfundur. Þrátt fyrir þetta munum við í þetta sinn bjóða uppá fullan þátttökumöguleika félagsmanna á fjarfundi sem auðveldar félagsmönnum VR á landsbyggðinni þátttöku á fundinum. Við höfum áður verið með streymi frá aðalfundi svo hægt væri að fylgjast með fundi á landsbyggðinni en nú verður í fyrsta sinn boðinn möguleiki á fullri þátttöku í atkvæðagreiðslum að auki. Til að geta skráð sig á fundinn þarf félagsmaður að vera fullgildur og verður einungis hægt að skrá sig á fundinn í gegnum Mínar síður á vef VR með rafrænum skilríkjum.

Tillögur á fundinum:

Fundarstjóri: Guðmundur B. Ólafsson

Fundarritari: Árni Leósson

Tillaga um framlag í VR varasjóð:

Tillaga er um að framlag í VR varasjóð verði það sama og var samþykkt í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 eða 785 m.kr. Skipting á milli sjóða, félagssjóður 475 m.kr., sjúkrasjóður 100 m.kr. og orlofssjóður 210 m.kr.

Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:

Tillaga að KPMG sjái um endurskoðun VR fyrir reiknisárið 2021

Kosning á skoðunarmönnum:

Tillaga um Pálinu Vagnsdóttur og Guðrúnu Björgu Gunnarsdóttur sem skoðunarmenn VR. sbr. 27. gr. laga VR. Jóhanna Rúnarsdóttir gefur ekki kost á sér áfram í starfið.

Tillaga um félagsgjald:

Tillaga um að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgangslufólks. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% rennur í félagssjóð VR og 0,05% renni í Vinnudeilusjóð VR.

Tillaga um stjórnarlaun:

Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli miðvikudaginn 24. mars 2021, samþykkir að stjórnarlaun hækki úr 52.427 kr. á mánuði í 53.484 kr. á mánuði. Varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira en sem nemur einum stjórnarlaunum. Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmenn og varastjórnarmenn 5.000 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR.

VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.

Sjá nánar um tillögu í minnisblaði frá launanefnd sem lagt var fyrir á stjórnarfund 1214 þann 10. febrúar 2021.

Laun skoðunarmanna:

Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli miðvikudaginn 24. mars 2021, samþykkir að greiða hverjum skoðunarmanni VR 53.484 kr. á ári.

Tillaga um lagabreytingar:

Tillaga um lagabreytingu var samþykkt á stjórnarfund 1214 í janúar 2021 sem varðar breytingu á formi aðal- og félagsfunda þannig að hægt sé að halda þá rafrænt. Sjá nánar sérstakt minnisblað með tillögum að lagabreytingum.

Tillögur um breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR:

Tillaga um breytingu á orðalagi til að samræma reglugerð og starfsreglur Sjúkrasjóðs VR. Einnig komi fram að breyting sem samþykkt var á síðasta aðalfundi fékk ekki samþykkt af ASÍ og er hún því dregin til baka. Sjá nánar minnisblað um tillögu að breytingu á reglugerð Sjúkrasjóðs VR.

Umræður.

7. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór ræddi samning ASÍ og SA um lífeyrismál en nánar verður rætt um það undir næsta dagskrárlið.

Unnið er að því að klára málefni Blævar með BSRB en það taki tíma og þeir þurfi ýmsar upplýsingar.

Varðandi févítin þá var það mál aftur sent tilbaka og er nú reynt að ná sátt um málið við SA fremur en að leggja það fyrir Alþingi.

Fundað hefur verið í starfshópi um fjölmiðlaátak í aðdraganda alþingiskosninga þar sem við reynum að koma okkar málum að í umræðunni. Slíkt virkaði sem dæmi um stuðningslánin okkar en t.d. Samfylkingin tók við sér í því máli.

Þá er forsetateymi ASÍ að fara í hringferð þar sem ræða eigi við stjórnir aðildarfélaganna á landsbyggðinni.

Umræður.

8. Samningur ASÍ og SA um lífeyrismál

Stefán lagði fram skjalið „*Breyting á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál*“ og fór yfir efni þess. Forsagan er okkur kunn en það var Fjármálaeftirlitið sem gerði athugasemdir við að ekki sé inni í samþykktum lífeyrissjóðanna skýrt orðaðar heimildir um að hægt sé að skipta út stjórnarmönnum þeirra og hvernig eigi að gera það. Efnislega séu allir sammála um að hægt verði að afturkalla umboð stjórnarmanna og að það sé til á því framkvæmdalýsing. Fjármálaeftirlitið hefur þrýst á sjóðina að setja sér slíkar reglur. Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LIVE) segir þetta mál vera á höndum aðildarsamtakanna ASÍ og SA en ekki sjóðsins sjálfs. Viðræður voru um málið og náðist í því lending með almennu orðalagi og þá með þessum viðbótum inn í grein um hlutverk og hæfi stjórnar:

Tilnefningaraðila er heimilt að afturkalla umboð stjórnarmanns á grundvelli laga og samþykpta lífeyrissjóðs. Tilkynna skal stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðun með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði, samþykktir og reglur.

og

Stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.

Og þessari viðbót í lok greinar um skipan stjórnarmanna – uppstillinganefndir tilnefningaraðila:

Afturkalli tilnefningaraðili umboð stjórnarmanns skal fulltrúaráð staðfesta þá ákvörðun ásamt tilnefningu nýs stjórnarmanns fram að næsta ársfundi.

Þannig er þá komið heimildarákvæði og að stjórnarmenn séu sjálfstæðir í störfum sínum og hafi tíma til að sinna stjórnarstörfum. Nú er það okkar að ræða við SA og FA um hvernig eigi að haga þessu í samþykktum hjá LIVE. Þetta hefur verið samþykkt í miðstjórn ASÍ og hjá SA og því okkar að koma með samhljóðandi samþykktargreinar inn hjá LIVE.

Ragnar Þór sagði að við færum í þessa vinnu og það ætti ekki að vera meiriháttar mál, við leysum þetta vel og fagmannlega.

Umræður.

9. Breytingar á reglum um lán til félagsmanna vegna gjaldþrota

Stefán lagði fram skjalið „Reglur um lánveitingar VR vegna gjaldþrota – tillaga að breytingum“ dags. 5. mars 2021 og fór yfir efni þess. Í máli Stefáns kom m.a. fram að við hefðum sett þessar reglur í kjölfar gjaldþrots WOW air og eru nú nokkrar breytingar lagðar til í ljósi reynslunnar. Aðeins er um tvær efnislegar breytingar að ræða en annað er aðeins tiltekt í skjalinu og minniháttar breytingar.

Þær tvær efnislegu breytingar sem lagðar eru til eru:

4. gr. Forsendur fyrir láni

Lagt er til að lágmarksfjárhæð sé 100 þúsund krónur með þessum orðum:

“Ekki er lánað ef netto útborguð laun skv. útgefnum launaseðli er lægri upphæð en 100.000 kr. Forstöðumaður kjaramálasviðs og forstöðumaður fjármála- og rekstrarsviðs skoða hvert mál og hafa heimild til að lækka þessa upphæð,”

Þá er brugðist við því að félagsmaður sem er í veikindum þegar félag fer í þrot á ekki rétt á atvinnuleysisbótum og ekki heldur í sjúkrasjóði þar sem hann „er á launum“ þótt hann fái þau greidd síðar. Því er lagt til eftirfarandi:

“Heimilt er að lána starfsmanni, skv. reglum þessum, félagsmanni sem á sannarlega inni ónýttan veikindarétt hjá fyrirtæki sem tekið hefur verið til gjaldþrotaskipta og verður/er óvinnufær út uppsagnarfrestinn.

- Aldrei er lánað fyrir lengri tíma en sem nemur ábyrgð Ábyrgðasjóðs launa.

- Félagsmaður þarf að vera óvinnufær þegar fyrirtæki er úrskurðað gjaldþrota og vottorð frá lækni að liggja fyrir með dagsetningu áður en félagið fer í þrot.
- Forstöðumaður kjaramálasviðs skoðar hvert mál fyrir sig áður en veitt er lán vegna veikinda."

Umræður.

Í umræðum lagði Arnþór til að lágmarksupphæð yrði 50. þúsund krónur fremur en 100. þúsund krónur og Sigmundur lagði til að í breytingartillögu við 5. gr. - Endurgreiðsla til VR - sem er þannig: „Ef VR fær lægri upphæð greidda frá Ábyrgðasjóði launa skal mismunur sóttur til félagsmanns“ – þá væri fremur sagt að „heimilt sé“ að sækja mismuninn.

Eftir umræður um þessar breytingartillögur þeirra Arnþórs og Sigmundar lagði Stefán til þessar útfærslur:

- a. Í stað 100. þúsund króna lágmarks í 4. gr. kæmi „20% af tekjutengingu“
- b. Í stað þess að mismunur „skuli“ sóttur í 5. gr. kæmi „skal að öllu jöfnu mismunur sóttur til félagsmanns“

Ragnar Þór bar þá upp til samþykktar þessar breytingartillögur með þeim breytingartillögum sem Stefán lagði til í kjölfar umræðna og hér að ofan greinir:

Samþykkt samhljóða.

Fundi var slitið kl. 20:55
Árni Leósson, fundarritari